

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2014

2015-03-31

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

2015-03-31

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. í lok árs 2014 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 8. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2013.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LsBÍ) veitir réttindi í samtryggingu. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2013, áunnin réttindi sjóðfélaga sem látið hafa af störfum tengd vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og hækkuð um 14%, og sama breyting verður gerð á réttindum virkra sjóðfélaga er þeir hætta störfum.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athuginina eru :

Ávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega umfram hækkun verðlags
Lífslíkur sjóðfélaga og rétthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2007-2011, að viðbætti áætlun um lækkun dánartíðni á komandi árum í samræmi við áætlun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga
Örorkulíkur sjóðfélaga : 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002,

Reikniforsendum um lífslíkur er breytt frá síðustu athugun og veldur breytingin hækkun á mati skuldbindinga sjóðsins.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2014 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að viðbættu endurmati og að meðtöldum iðgjöldum en fráðregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 20.854,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 18.817,9 milljónir. Eignir að fráðregnum skuldbindingum reiknast því 2.036,6 milljónir, eða 10,8% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er því betri en almenn viðmið l.129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfelld í fimm ár.

Vikmörkum l.129/1997 hefur með bráðabirgðaákvæðum verið breytt í 13% fyrir tryggingafræðilegar athuganir ársins 2014 frá þeim 10% sem almennt gilda fyrir stöðu á einstöku ári og 10% fyrir samfelldan mun í fimm ár. Þá gilda einnig rýmri reglur um samfellda stöðu árin 2008-2014 og er heimilt að staða fari yfir 10% þau ár. Staða sjóðsins í lok árs 2014 telst því innan þeirra marka sem miðað er við í l. 129/1997.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávík komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands. Þegar Búnaðarbanka Íslands var breytt í hlutafélag 1. janúar 1998 fékk sjóðurinn nafnið Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Í kjölfar breytinga samþykktá sjóðsins í ársbyrjun 1998 áttu þeir sjóðfélagar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands er starfandi voru í árslok 1997 og greitt höfðu í sjóðinn í a.m.k. 6 ár þess kost að velja á milli þess að fara í A-deild eða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Ísland. Þeir starfandi sjóðfélagar sem ekki uppfylltu þetta skilyrði fluttust sjálfkrafa yfir í B-deild. Á árinu 1999 sameinaðist B-deild sjóðsins Lífeyrissjóði bankamanna.

Þeir sjóðfélagar er þegar höfðu hafið töku lífeyris við gildistöku samþykktanna fluttust sjálfkrafa yfir í A-deild án breytinga á lífeyrisgreiðslum eða réttindum.

Sjóðfélagar er áttu geymd réttindi við gildistöku reglugerðarinnar er tók gildi 1. janúar 1998 töldust sjóðfélagar í A-deild. Af þeim eiga nú aðild að sjóðnum aðeins þeir sem áttu geymd réttindi vegna starfstíma sem var lengri en 6 ár, þar sem réttindi sjóðfélaga sem áttu skemmri réttindatíma að baki voru sameinuð Lífeyrissjóði bankamanna, sbr. hér að framan.

Viðmiðun lífeyrisréttinda sjóðfélaga sem látið hafa af störfum var breytt á árinu 2013 samhliða hækkun áunninna réttinda um 14%.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin amk. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Sjóðfélagi sem lætur af starfi og orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu 5 almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Laun fyrri ára eru við útreikning meðaltalsins umreiknuð til samræmis við breytingu launavísitölu Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar, og eru áunnin réttindi hækkuð samhliða um 14%. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun, og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur hafið töku lífeyris þegar 60 ára aldri er náð án skerðingar áunninna réttinda.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31.12.1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Árið 2013 júlí var viðmiðun geymdra réttinda og lífeyris einnig breytt í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samhliða hækkun áunninna réttinda um 14%.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykkt sjóðsins er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhatu hjá Okkar líftryggingum hf.

GÖGN

Fuglar hf. unnu upplýsingar um lífeyrisréttindi starfandi sjóðfélaga og lífeyrisþega, ásamt upplýsingum um geymd réttindi.

Fyrir hvern starfandi sjóðfélaga fengust upplýsingar um aldur, kyn, og greidd iðgjöld og áunnið réttindahlutfall hvert ár frá og með 1998, áunnið réttindahlutfall og áunninn rétt í lok árs 1998.

Samsvarandi upplýsingar fengust fyrir sjóðfélaga sem hættir eru störfum án þess að hafa hafið töku lífeyris og höfðu greitt iðgjöld til sjóðsins meira en sex ár.

Viðmiðunarlaun voru reiknuð út frá upplýsingum um iðgjaldagreiðslur fyrir þá sem eru í starfi eða hafa látið af störfum eftir 1998. Fyrir þá sem látið höfðu af störfum fyrr var miðað við upplýsingar um viðmiðunarlaun sem fyrir lágu frá fyrri athugunum.

Um lífeyrisþega fengust upplýsingar um greiddan lífeyri í desember, auk áunnins réttindahlutfalls, og auk þess um hjúskaparstöðu og aldur maka.

Einnig er stuðst við tryggingafræðilega athugun frá árinu 2013 og drög að ársreikningi fyrir árið 2014.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðsins starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2014 eru notaðar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011, en einnig er atlað fyrir frekari lækkun dánartíðni í samræmi við áætlun sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur gefið út. Í athugun síðasta árs var miðað við spá SCB, Statistiska Central Byraan, Sænsku hagstofunnar fyrri árin 2012-2011, sem gefur mjög áþekka niðurstöðu og áætlun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 40% lækkun örorkutíðni.

Kostnaður skal skv. reglugerð 391/1998 metinn á grundvelli meðaltals kostnaðar sjóðsins árin 2012-2014, uppfærðum til verðlags í lok árs 2014. Kostnaði er skipt milli áfallinnar og heildarskuldbindinga í hlutfalli við skuldbindingar og iðgjöld.

Um ávöxtun er miðað við 3,5% vaxtaforsendu umfram hækkun verðlags, en einnig áætlað fyrir 1,5% launahækkun starfandi. Við lok starfs mun réttindagrunni verða breytt yfir í vísitölu neysliverðs til verðtryggingar samhliða 14% hækkun áunninna réttinda og eru þær breytingar um það bil jafngildar.

Gert er ráð fyrir lífeyrisskuldbindingum til handa öllum er greitt hafa iðgjöld til sjóðsins.

Skuldbindingar eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðar skuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það að auk áunninna skuldbindinga bætist við skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem greiddu til hans iðgjöld í lok árs 2014. Samtala áfallinna og framtíðar skuldbindinga kallast svo heildarskuldbinding sjóðsins.

Við mat áunninna skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2014, og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt reglugerðarákvæðum sjóðsins miðað við núverandi réttindahlutfall og laun.

Þar sem sjóðfélögum er nú heimilt að hefja töku eftirlauna án þess að látið sé af starfi verður að teljast líklegt að allir sjóðfélagar hefji töku eftirlauna eins snemma og þeim er unnt, enda hækkar lífeyrisréttur ekki við frestun á töku, nema að því marki sem meiri réttinda er aflað með iðgjaldagreiðslum. Er því í tryggingafræðilegri athugun miðað við lok árs 2014 gert ráð fyrir að allir hefji töku eftirlauna eins snemma og þeir hafa heimild til án skerðingar.

Verðbréfaeign sjóðsins er endrmetin miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu.

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Tafla II. Tryggingafræðileg staða			
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2014 – fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	19.870,8		19.870,8
Endurmat::	996,2		996,2
Fjárfestingagjöld:	-197,0		-197,0
Iðgjöld:		184,5	184,5
Samtals:	20.670,0	184,5	20.854,5
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	15.267,3	391,9	15.659,2
Örorkulífeyrir:	160,4	3,0	163,4
Makalífeyrir:	2.564,4	27,2	2.591,6
Barnalífeyrir:	0,8	0,9	1,7
Dánarbætur	70,7	0,0	70,7
Kostnaður:	320,5	10,8	331,3
Samtals:	18.384,1	433,8	18.817,9
Mismunur:	2.285,9	-249,3	2.036,6
Hlutf. af skuldb.	12,4%	-57,5%	10,8%

Staða sjóðsins eftir breytingar í lok árs 2013 var jákvæð um 8,7 % og hefur staða sjóðsins því batnað nokkuð á árinu 2014. Veldur þar að mestu góð ávöxtun sjóðsins á liðnu ári.

FYLGISKJÖL

1. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
2. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Tryggingafræðileg staða 2014
5. Tryggingafræðileg staða 2014 reiknuð með staðalforsendum

Fylgiskjal 1 - Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans - tryggingafræðileg athugun 2014

Yfirlit um réttindi sjóðfélaga - óvirkir sjóðfélagar

Réttur til greiðslu ellilífeyris

Áunnin lífeyrisréttindi		karlar	konur	Alls
50-	Fjöldi	18	113	131
	Meðalaldur	53,33	53,33	53,33
	R.hlutfall	25,61	21,72	22,26
	Viðm.laun	5.526.007	4.318.827	4.484.699
60-	Fjöldi	4	36	40
	Meðalaldur	62,00	61,81	61,83
	R.hlutfall	29,74	27,88	28,07
	Viðm.laun	7.154.405	4.558.799	4.818.360
65-	Fjöldi	4	7	11
	Meðalaldur	73,75	65,71	68,64
	R.hlutfall	32,21	22,88	26,27
	Viðm.laun	5.790.820	4.125.398	4.731.006
Fjöldi		26	156	182
Meðalaldur		57,81	55,84	56,12
Meðal réttindahlutfall		27,26	23,20	23,78
Viðmiðunarlaun		5.817.270	4.365.525	4.572.918

Þessir sjóðfélagar hafa öðlast rétt til 14% hækkunar réttinda og er skuldbinding lífeyrisréttinda metin miðað við það.

2013

Fjöldi	27	160	187
Meðalaldur	55,44	55,11	55,16
Meðal réttindahlutfall	25,88	23,23	23,61
Viðmiðunarlaun (árs)	5.820.374	4.547.941	4.731.661

Fylgiskjal 2 - Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans - tryggingafræðileg athugun 2014

Yfirlit um réttindi sjóðfélaga - virkir sjóðfélagar

Áunnin lífeyrisréttindi		karlar	konur	Alls
40-	Fjöldi		4	4
	M.aldur		48,00	48
	Áunnið%		54,35	54,35
	Árslaun		5.005.239	5.005.239
50-	Fjöldi	5	31	36
	M.aldur	57,20	55,58	55,81
	Áunnið %	73,92	59,78	61,75
	Árslaun	5.474.193	4.564.502	4.690.848
60-	Fjöldi	2	9	11
	M.aldur	63,00	62,00	62,18
	Áunnið %	59,06	57,57	57,84
	Árslaun	6.644.931	4.425.556	4.829.079
Fjöldi		7	44	51
Meðalaldur		58,86	56,20	56,57
Réttindahlutfall		69,67	58,83	60,32
Viðmiðunarlaun		5.808.689	4.576.148	4.745.320

2013

Fjöldi	8	52	60
Meðalaldur	58,13	56,23	56,48
Réttindahlutfall	69,77	58,30	59,83
Viðmiðunarlaun	5.415.740	4.088.139	4.265.153

Fylgiskjal 3 - Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans - tryggingafræðileg athugun 2014

Yfirlit um lífeyrisþega

		karlar	konur	Alls
Elli lífeyrir	Fjöldi	80	178	258
	Meðalaldur	74,75	71,90	72,78
	Meðallífeyrir	405.107	228.514	283.272
Örorku-lífeyrir	Fjöldi		17	17
	Meðalaldur		58,06	58,06
	Meðallífeyrir		1.114.343	1.114.343
Maka-lífeyrir	Fjöldi	7	25	32
	Meðalaldur	78,00	81,20	80,50
	Meðallífeyrir	111.781	269.071	234.664
Barna-lífeyrir	Fjöldi	1		1
	Meðalaldur	14,00		14,00
	Meðallífeyrir	18.108		18.108

2013

		karlar	konur	Alls
Elli lífeyrir	Fjöldi	81	169	250
	Meðalaldur	74,83	71,53	72,60
	Meðallífeyrir	393.287	227.202	281.013
Örorku-lífeyrir	Fjöldi		19	19
	Meðalaldur		57,47	57,47
	Meðallífeyrir		1.059.645	1.059.645
Maka-lífeyrir	Fjöldi	5	28	33
	Meðalaldur	82,80	80,57	80,91
	Meðallífeyrir	107.536	294.113	265.844
Barna-lífeyrir*	Fjöldi	1	2	3
	Meðalaldur	53,00	48,50	50,00
	Meðallífeyrir	17.386	11.879	13.715

Fylgiskjal 4 - Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans - tryggingafræðileg athugun 2014

vextir 3,5% örorkulíkur 60% af meðaltalsörorkulíkum íslenskra lífeyrissjóða
geymd réttindi og lífeyrisþegar
Spá um breytingu á lífslíkum FÍT 2014

Eignir

	Áunnin lífeyrisréttindi	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir		19.870,8		19.870,8
Endurmat		996,2		996,2
Fjárf.gjöld		-197,0		-197,0
Iðgjöld			184,5	184,5
Samtals		20.670,0	184,5	20.854,5

Skuldbindingar

	eftirlauna- lífeyrisþ.	örorku- lífeyrisþ.	maka lífeyrisþ.	barna lífeyrisþ.	lífeyris þegar	óvirkir	virkir	óvirkir + virkir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Ellilífeyrir	9.655,0	223,7			9.878,7	2.707,5	2.681,1	5.388,6	15.267,3	391,9	15.659,2
Örorkulífeyrir		94,2			94,2	54,3	11,9	66,2	160,4	3,0	163,4
Makalífeyrir	1.319,7	14,6	658,9		1.993,2	397,2	174,0	571,2	2.564,4	27,2	2.591,6
Barnalífeyrir				0,8	0,8			0,0	0,8	0,9	1,7
Dánarbætur					41,1	21,1	8,5	29,6	70,7	0,0	70,7
Rekstrarkostnaður									320,5	10,8	331,3
Samtals	10.974,7	332,5	658,9	0,8	12.008,0	3.180,1	2.875,5	6.055,6	18.384,1	433,8	18.817,9
									2.285,9	-249,3	2.036,6
									12,4%	-57,5%	10,8%

Fylgiskjal 5 - Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans - tryggingafræðileg athugun 2014

Staðalforsendur
vextir 2% örorkulíkur meðaltalsörorkulíkur íslenskra lífeyrissjóða
vextir 3,5% geymd réttindi og lífeyrisþegar

Eignir

	Áunnin lífeyrisréttindi	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir		19.870,8		19.870,8
Endurmat		996,2		996,2
Fjárf.gjöld		-197,0		-197,0
Iðgjöld			180,5	180,5
Samtals		20.670,0	180,5	20.850,5

Skuldbindingar

	eftirlauna- lífeyrisþ.	örorku- lífeyrisþ.	maka lífeyrisþ.	barna lífeyrisþ.	lífeyris þegar	óvirkir	virkir	óvirkir + virkir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Ellilífeyrir	9.006,4	218,4			9.224,8	2.468,3	2.461,1	4.929,4	14.154,2	359,7	14.513,9
Örorkulífeyrir		93,9			93,9	86,1	19,6	105,7	199,6	5,0	204,6
Makalífeyrir	1.339,1	15,2	618,1		1.972,4	389,4	169,7	559,1	2.531,5	26,5	2.558,0
Barnalífeyrir				0,8	0,8	0,0	0,0	0,0	0,8	0,9	1,7
Dánarbætur					41,9	21,8	8,8	30,6	72,5	0,0	72,5
Rekstrarkostnaður									320,5	10,8	331,3
Samtals	10.345,5	327,5	618,1	0,8	11.333,8	2.965,6	2.659,2	5.624,8	17.279,1	402,9	17.682,0
									3.390,9	-222,4	3.168,5
									19,6%	-55,2%	17,9%